

Náttúruhamfaratrygging Íslands

Ársreikningur 2018

Náttúruhamfaratrygging Íslands
Hlíðarsmára 14
200 Kópavogur

Kt. 520276-0259

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	7
Efnahagsreikningur	8
Eiginfjáryfirlit	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Rekstur ársins 2018

Ársreikningur Náttúruhamfaratryggingar Íslands ("NTÍ") fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. NTÍ var stofnuð með sérstökum lögum árið 1975 og starfar nú samkvæmt lögum nr. 55/1992 um Náttúruhamfaratryggingu Íslands. Hlutverk hennar er að váttryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara, en það á við um eldgos, jarðskjálfta, skriðuföll, snjóflóð og vatnsflóð. Árið 2018 telst vera 44. starfsár stofnunarinnar. NTÍ er til húsa að Hlíðarsmára 14, Kópavogi.

Þann 1. júlí 2018 voru gerðar ýmsar breytingar á lögum nr. 55/1992 sem allar eiga það sameiginlegt að vera ætlað að stuðla að bættri skilvirkni í starfsemi stofnunarinnar. Nafni stofnunarinnar var breytt í Náttúruhamfaratrygging Íslands, skammstafað NTÍ. NTÍ verður notað í daglegu máli sem heiti stofnunarinnar.

Aðrar breytingar eru þær helstar að eigin áhætta tjónþola er lækkuð úr 5% í 2%, en samhliða því eru lágmarksfjárhæðir eigin áhættu hækkaðar. Einnig hefur nú verið lögfest að tjónþoli skuli nota váttryggingarbætur til viðgerða á húseignum. Þegar tjón er lægra en 15% af váttryggingarfjárhæð og varðar ekki öryggi og hollustuhætti skal tjónþoli sjálfur ráðstafa tjónabótum til viðgerða eða endurbóta á húseigninni. Að öðrum kosti greiðir NTÍ bætur eftir framvindu viðgerða líkt og gert er í brunatjónum hjá almennu váttryggingafélögunum. Í undantekningartilvikum hlutast NTÍ til um viðgerðir í samráði við tjónþola.

Mikil áhersla er lögð á eignadreifingu í fjárfestingastefnu NTÍ. Eignum er skipt milli fjögurra fjárvörsluaðila, Íslandssjóða, Arion banka, Íslenskra verðbréfa og Kvikubanka. Í lok árs 2018 er eigið fé NTÍ 38,4 milljarðar kr. Dreifing á milli eignaflokka er fjölbreytt, eignir eru bæði í innlendum og erlendum verðbréfum og megináhersla lögð á áhættulitlar fjárfestingar. Í tengslum við gerð viðbragðsáætlunar NTÍ var lagt mat á hversu fljótt væri hægt að innleysa eignir án verulegrar skerðingar á verðmæti ef til tjónsatburðar kæmi. Á öðrum virka degi eftir atburð væri hægt að innleysa um 67% af eignasafninu og á fimmta virka degi yrði tæplega 99% af safninu innleysanlegt.

Stærstu aðilar að endurtryggingarsamningi NTÍ árið 2018 voru Sirius í Svíþjóð með 25% hlutdeild, New Re og Munich Re með 12,5% hlutdeild í samningnum hvort um sig, en alls voru 25 endurtryggingarfélög aðilar að samningnum.

Í árslok 2018 voru váttryggingarfjárhæðir í gildi vegna húseigna, lausafjár og mannvirkja samtals 12.366 milljarðar kr. Samkvæmt 18. gr. laga nr. 55/1992 um NTÍ takmarkast heildargreiðsluskylda NTÍ vegna hvers váttryggingaatburðar við 1% af samanlögðum váttryggingarfjárhæðum sem í gildi eru við upphaf váttryggingaratburðarinnar eða samtals um 124 milljarðar kr. í árslok 2018. Eigið fé og endurtryggingar stofnunarinnar standa samtals undir um 83,7 milljörðum kr.

Niðurstöður áhættumats vegna jarðskjálfta benda til að heildar greiðslur tjónabóta og matskostnaðar í atburði sem hefur 200 ára meðal endurkomutíma sé um eða yfir 25 milljarðar kr. NTÍ hefur metið áhrif allra stórra jarðskjálfta sem orðið hafa á Íslandi síðustu 300 ár. Matið byggir á rannsókn á tjónnæmi sem unnið var í kjölfar jarðskjálftanna á Suðurlandi árin 2000 og 2008 og miðast við núverandi virði og staðsetningu váttryggðra eigna. NTÍ er í stakk búin til að takast á við meira en tvöfalt stærri atburð en stærstu sögulegu jarðskjálftar landsins hefðu valdið miðað við núverandi virði og staðsetningu váttryggðra eigna.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður ársins 3.865 millj. kr. (2017: 3.356 millj. kr.). Stjórn leggur til að hagnaði verði ráðstafað sem viðbót við eignasöfn NTÍ hjá fjárvörsluaðilum. Eigið fé NTÍ í árslok 2018 nam 38.415 millj. kr. (2017: 34.549 millj. kr.). Eiginfjárhlutfall stofnunarinnar var 95,5% í árslok (2017: 95,8%). Þann 31. desember 2018 námu heildareignir stofnunarinnar 40.228 millj. kr. (2017: 36.047 millj. kr.).

Stjórnarhættir

Stjórn NTÍ hefur sett sér starfsreglur og byggja þær m.a. á leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem útgefna eru af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Stjórnarháttayfirlýsing er birt í ársskýrslu og á heimasíðu NTÍ.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Áhættustýring

Stjórn vann að heildstæðri endurskoðun á áhættustefnu NTÍ á árinu 2017 sem samþykkt var í byrjun árs 2018. Með nýrri áhættustefnu eru þrjú stærstu áhættuþættir í starfsmeminni skilgreindir; Meðferð tjónamála, stýring eignasafns og tryggingafræðileg áhætta. Áhættustefnan er í anda samhæfðrar áhættustýringar COSO, þar sem m.a. er fjallað um áhættumenningu, stefnumótun, áhættu við framkvæmd verkefna, upplýsingar um áhættu og skýrslugerð ásamt kröfum um innra eftirlit og áhættumælingar. Áhættustefnan var samþykkt á fundi stjórnar þann 30. janúar 2018.

Eignasafn Náttúruhamfaratryggingar Íslands

Stýring eignasafns NTÍ er einn af þremur helstu áhættuþáttum í starfsemi stofnunarinnar. Fjárfestingarstefna eignasafnsins byggir á varfænum langtímamarkmiðum með öryggi umfram ávöxtun eigna að leiðarljósi. Til lengri tíma litið telur stjórn að mikilvægi erlendra fjárfestinga sýni sig helst þegar stór áföll ríða yfir á Íslandi og hefur í því skyni verið lögð aukin áhersla á að halda umtalsverðum fjárhæðum í erlendum eignum, en í júní 2017 var tekin ákvörðun um að hækka hlutfall erlendra eigna á tveimur árum í 40%. Með hækkuðu hlutfalli erlendra eigna aukast áhrif af sveiflum á gengi íslensku krónunnar á virði eignasafnsins en á móti skapar það ákveðið öryggi að auka dreifingu eignasafnsins og draga úr áhrifum staðbundinna áhrifa innanlands á eignasafnið.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningur NTÍ gefi glögga mynd af rekstrarafkomu stofnunarinnar á árinu 2018, ásamt eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. desember 2018 í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri stofnunarinnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum sem stofnunin býr við eins og fram kemur í skýringum nr. 17-24.

Stjórn Náttúruhamfaratryggingar Íslands og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, . mars 2019

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Náttúruhamfaratryggingar Íslands.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Viðlagatryggingar Íslands fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2018, efnahag hennar 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Viðlagatryggingu Íslands í samræmi við settar síðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Viðlagatryggingar Íslands. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa stofnunina upp eða hætta starfssemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.


Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:



Deloitte ehf.

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu 2018

	Skýr.	2018	2017
Iðgjöld ársins		2.946.653	2.751.705
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum		(491.521)	(478.098)
Eigin iðgjöld	4	<u>2.455.132</u>	<u>2.273.607</u>
Fjármunatekjur	5	2.350.845	2.150.235
Fjármagnstekjuskattur	16	(517.271)	(469.845)
Fjárfestingatekjur		<u>1.833.574</u>	<u>1.680.390</u>
Heildartekjur		<u>4.288.706</u>	<u>3.953.997</u>
Tjónakostnaður		(4.094)	(178.568)
Hluti endurtryggjenda í tjónakostnaði		(13.862)	(4.036)
Eigin tjón	6	<u>(17.956)</u>	<u>(182.604)</u>
Rekstrarkostnaður	7-9	(378.227)	(381.889)
Umboðslaun		(27.606)	(33.677)
Heildargjöld		<u>(423.789)</u>	<u>(415.566)</u>
Heildarhagnaður ársins		<u><u>3.864.917</u></u>	<u><u>3.355.827</u></u>

Skýringar á blaðsíðum 11 til 22 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum ársreikningi.

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	2018	2017
Eignir			
Rekstrarfjármunir	10	5.145	5.846
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	12	37.659.042	33.855.790
Endurtryggingaeignir	13	61.731	137.483
Viðskiptakröfur		656.968	521.996
Aðrar kröfur		4.129	2.066
Handbært fé		1.840.766	1.523.839
		<u>40.227.781</u>	<u>36.047.020</u>
Eigið fé			
Varasjóður		4.270.135	4.270.135
Óráðstafað eigið fé		34.144.157	30.279.240
	14	<u>38.414.292</u>	<u>34.549.375</u>
Skuldir			
Vátryggingaskuld	15	1.054.872	975.071
Skattskuldbinding	16	713.212	475.778
Viðskiptaskuldir		15.731	20.452
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur		29.674	26.344
		<u>1.813.489</u>	<u>1.497.645</u>
		<u>40.227.781</u>	<u>36.047.020</u>

Skýringar á blaðsíðum 11 til 22 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum ársreikningi.

Eiginfjáryfirlit árið 2018

	Varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2017	4.270.135	26.923.413	31.193.548
Heildarhagnaður ársins		3.355.827	3.355.827
Eigið fé 31.12.2017	<u>4.270.135</u>	<u>30.279.240</u>	<u>34.549.375</u>
Eigið fé 1.1.2018	4.270.135	30.279.240	34.549.375
Heildarhagnaður ársins		3.864.917	3.864.917
Eigið fé 31.12.2018	<u>4.270.135</u>	<u>34.144.157</u>	<u>38.414.292</u>

Skýringar á blaðsíðum 11 til 22 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum ársreikningi.

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Náttúruhamfaratrygging Íslands (NTÍ) er með starfsstöð sína á Íslandi og eru höfuðstöðvar hennar að Hlíðarsmára 14 í Kópavogi. Aðalstarfsemi stofnunarinnar felst í að váttryggja gegn tjónum af völdum náttúruhamfara í samræmi við lög nr. 55/1992.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn Náttúruhamfaratrygginga Íslands staðfesti ársreikninginn þann **xx**. mars 2019

b. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningur stofnunarinnar er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að verðbréf eru færð á gangvirði.

c. Rekstrarhæfi

Stjórnendur hafa lagt mat á rekstrarhæfi stofnunarinnar og telja hana hafa styrk til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er því gerður á grundvelli áframhaldandi starfsemi. Niðurstöður úr athugun á greiðsluhæfi stofnunarinnar gefa til kynna að hún hafi yfir að ráða nægu fjármagni til að styðja við áframhaldandi rekstur.

d. Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill stofnunarinnar.

e. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar fjárhæðir kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi beitingu reikningsskilaaðferða hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringu 3.c.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum.

a. Nýir reikningsskilastaðlar

Á árinu 2018 tóku reikningsskilastöðlarnir IFRS 9 *Fjármálagerningar* og IFRS 15 *Tekjur af samningum við viðskiptavinum* gildi. Áhrif beggja staðla eru óveruleg á ársreikning stofnunarinnar en stofnunin mun nýta sér undanþágu frá innleiðingu IFRS 9 og innleiða hann með IFRS 17 sem tekur gildi 2022.

b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsgangi. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning.

c. Fjármálagerningar

(i) Fjáreignir og fjárskuldir

Til fjármálagerninga teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, kröfur á endurtryggjendur, handbært fé, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

c. Fjármálagerningar

(i) Fjáreignir og fjárskuldir, frh.:

Gangvirði er verð á eign eða skuld í venjubundnum viðskiptum á matsdegi. Nánar tiltekið er gangvirði það verð sem fengist við sölu eignar eða yrði greitt við yfirfærslu skuldar í hefðbundnum viðskiptum milli markaðsaðila á matsdegi.

Stofnunin metur gangvirði fjármálagerninga samkvæmt markaðsverði á virkum markaði fyrir fjármálagerninginn, sé hann fyrir hendi. Markaður er talinn virkur ef reglulega er fyrir hendi skráð markaðsvirði sem endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti milli ótengdra aðila. Gangvirði fjáreignar sem tilgreind er á gangvirði gegnum rekstrarreikning er ákvarðað á grundvelli viðeigandi markaðsvirðis í lok viðskiptadags ef það er fyrir hendi, en það er venjulega síðasta skráða viðskiptaverðið.

Fjármálagerningar eru færðir í ársreikning þegar stofnunin gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagerninga. Fjáreignir eru felldar út úr ársreikningi ef samningsbundinn réttur stofnunarinnar að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða ef stofnunin yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi á þeim felst. Bókhaldsskráning hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem stofnunin skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldir eru felldar út úr ársreikningi ef skuldbindingar stofnunarinnar sem skilgreindar eru í samningi eru greiddar, falla úr gildi, er vísað frá eða þeim er aflétt.

(ii) Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

(iii) Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur

Verðbréf í efnahagsreikningi eru flokkuð sem fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir sem færðar eru á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru metnar á gangvirði í efnahagsreikningi og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning. Viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

(iv) Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru fjármálagerningar sem hafa fyrirfram ákveðna gjalddaga og eru ekki skráðir á opinberum markaði. Um er að ræða viðskiptakröfur tengdar váttryggingasamningum við váttryggingafélögin.

Samkvæmt 11. gr. laga um Náttúruhamfaratryggingar Íslands eru árleg iðgjöld 0,25% af váttryggingafjárhæðum brunatryggðra fjármuna, en iðgjöld sveitarfélaga og veitustofnana miðast við 0,20%. Í árslok voru váttryggingafjárhæðir í gildi vegna húseigna og lausafjár um 11.388 milljarðar króna, en 948 milljarðar vegna mannvirkja, sbr. reglugerð nr. 642/2017. Samkvæmt 18. grein laga nr. 55/1992 er hámarks bótaskylda Náttúruhamfaratrygginga Íslands 1% af heildarváttryggingafjárhæðum.

Álagning og innheimta iðgjalda er framkvæmd af váttryggingafélögum, sem gera mánaðarlega skil til stofnunarinnar. Iðgjöld sveitarfélaga og veitustofnana eru innheimt af stofnuninni og byggir álagning þeirra á innsendum upplýsingum frá eigendum mannvirkja.

(v) Jöfnun

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

d. Grundvöllur mats á gangvirði fjáreigna

Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru fjárfestingar í hlutabréfum, hlutdeildarskírteinum og skuldabréfum. Gangvirði skráðra verðbréfa er skráð markaðsverð þeirra á uppgjörssdegi án þess að tekið sé tillit til sölukostnaðar sem gæti fallið til í framtíðinni.

Sé markaðsverð ekki skráð í kauphöll eða fánlegt hjá miðlara, er gangvirði fjármálagerningsins metið með matsaðferðum, þar á meðal geta verið nýleg viðskipti ótengdra aðila, tilvísun í gangvirði sambærilegra fjáreigna, núvirt sjóðsflæði eða aðrar verðmatsaðferðir sem gefa til kynna áreiðanlegt mat á öðrum viðskiptum á markaði.

Þegar notast er við núvirta sjóðsflæðisaðferð við mat á gangvirði, er vænt framtíðarsjóðsflæði byggt á besta mati stjórnenda og ávöxtunarkrafa eru markaðsvextir sambærilegs gernings á uppgjörssdegi. Þegar önnur verðmyndunarlíkön eru notuð, eru forsendur matsins byggðar á upplýsingum af markaði á uppgjörssdegi. Gangvirði óskráðra hlutabréfa er metið, ef mögulegt er, með því að nota viðeigandi V/H hlutfall fyrir sambærileg skráð félög og er lagað að sérstökum aðstæðum útgefanda verðbréfanna.

e. Rekstrarfjármunir

(i) Mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisryrnun.

(ii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar af afskrifanlegri fjárhæð, sem er kostnaðarverð að frádregnu niðurlagsverði. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími er átta ár.

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi og breytt ef við á. Afskriftir eru hluti af liðnum rekstrarkostnaður.

f. Vátryggingasamningar

Vátryggingasamningar flytja vátryggingalega áhættu frá viðskiptavinum til stofnunarinnar.

(i) Vátryggingasamningar - skilgreining

Með vátryggingasamningi tekur vátryggjandinn að sér vátryggingaáhættu frá vátryggingataka með því að samþykkja að bæta tjón vegna ákveðins óviss atburðar í framtíðinni.

Vátryggingaáhætta er áhætta sem flutt er frá vátryggingataka til útgefanda vátryggingasamnings, vegna eignatjóns.

(ii) Vátryggingasamningar - flokkun

Vátryggingasamningar stofnunarinnar flokkast sem skaðatryggingar og varða eignatjón.

Skylt er samkvæmt 5 gr. laga um Náttúruhamfaratryggingu Íslands að vátryggja allar húseignir og lausafé sem er brunatryggt hjá vátryggingafélagi sem starfsleyfi hefur á Íslandi. Vátryggingaskyldan nær einnig til lausafjár sem vátryggt er með almennri samsettri vátryggingu sem innifelur brunatryggingu og flokkast undir eignatryggingar. Jafnframt er skylt að vátryggja mannvirki í eigu sveitarfélaga og ríkissjóðs þó þau séu ekki brunatryggð, svo sem hitaveitur, raforkuvirki, brýr og hafnir.

(iii) Vátryggingaskuld

Mat er lagt á hvort vátryggingaskuld sé nægjanleg til þess að standa við áætlaðar skuldbindingar stofnunarinnar með því að meta framtíðarfjárflæði vátryggingaskuldar. Við gerð matsins er tekið tillit til áætlana vegna allra samningsbundinna sjóðshreyfinga vegna tjóna og tjónakostnaðar. Allar breytingar á vátryggingaskuldinni koma fram í rekstrarreikningi.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

f. Vátryggingasamningar frh.:

(iv) Endurtryggingasamningar

Endurtryggingasamningar eru gerðir í þeim tilgangi að draga úr áhættu stofnunarinnar. Stofnunin hefur keypt erlendar endurtryggingar fyrir árið 2019 sem byggja á tveimur samningum. Samningur nr. 1 hefur tvenns konar virkni. Annars vegar fyrir stakan atburð, allt að 25 milljörðum kr., með eigin áhættu að fjárhæð 10 milljörðum kr. Hins vegar er um að ræða uppsöfnunarákvæði í samningnum, þar sem nokkrir atburðir af ólíkum tegundum geta talið upp í 10 milljarða kr. eigin áhættu, hámark 25 milljarða kr. Samningur nr. 2 veitir vernd gegn mjög stórum einstökum atburðum þar sem endurtryggiendur greiða allt að 15 milljörðum kr. umfram það 25 milljarða kr. tjón sem fyrri samningurinn tekur til ef um er að ræða stakan atburð.

g. Virðisrýrnun fjáreigna

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna sem ekki eru færðar á gangvirði. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem hafa orðið benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar verði lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti hins vegar.

Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum og hver flokkur metinn sérstaklega. Virðisrýrnun fjáreigna er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti atburðum sem orðið hafa eftir að virðisrýrnun var færð. Bakfærsla virðisrýrnunar fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er færð í rekstrarreikning.

h. Tekjur og gjöld af vátryggingastarfsemi

(i) Iðgjöld

Tekjufærð iðgjöld í rekstrarreikningi eru þau iðgjöld sem falla til á rekstrarárinu að viðbættum yfirfærðum iðgjöldum frá fyrra ári, en að frádregnum iðgjöldum næsta árs, sem færast sem iðgjaldaskuld. Iðgjaldaskuld í efnahagsreikningi er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar vátryggingaáhættu á árinu sem tilheyrir næsta reikningsári.

(ii) Tjón

Gjaldfærð tjón í rekstrarreikningi eru tjón ársins ásamt hækkun eða lækkun vegna tjóna fyrri ára. Tjónaskuld í efnahagsreikningi er heildarfjárhæð tilkynntra úppgerðra tjóna auk mats sérfræðinga á tjónabótum fyrir ótilkynntum tjónum vegna atburða sem hafa þegar átt sér stað.

(iii) Gangvirðisbreyting verðbréfa

Afkoma af fjárfestingum í verðbréfum samanstendur af söluhagnaði hlutabréfa, gagnvirðisbreytingum fjárfestinga og vaxta- og arðstekjum. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsréttur stofnast.

(iv) Vaxtatekjur

Vaxtatekjur í rekstrarreikningi innifela vexti af handbæru fé.

(v) Gengismunur

Gjaldmiðlagengismunur samanstendur af breytingum eigna og skulda í erlendum gjaldmiðlum.

i. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður samanstendur af launakostnaði, tölvukostnaði, skrifstofu- og stjórnunarkostnaði, kostnaði við rekstur húsnæðis og öðrum kostnaði.

j. Skattur

Náttúruhamfaratrygging Íslands er undanþegin greiðslu tekjuskatts samkvæmt 2. tölulið 4. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt. Stofnuninni ber hins vegar að skila fjármagnstekjuskatti af innleystum fjármunatekjum. Skuldbinding stofnunarinnar vegna fjármagnstekjuskatts er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggir á tímamismun áfallins og innleysts fjármagnstekjuskatts í ársreikningi annars vegar og á skattframtali hins vegar.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

k. Starfspáttayfirlit

Öll starfsemi stofnunarinnar fellur undir einni starfspátt og því er ekki birt starfspáttayfirlit.

l. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim

Alþjóða reikningsskilaráðið hefur gefið út tvo nýja staðla og túlkanir auk þess að gera breytingar á áður útgefnum stöðlum. Eftirfarandi er umfjöllun um þá staðla, túlkanir og breytingar sem máli skipta fyrir félagið.

IFRS 16 *Leigusamningar* gildir frá og með árinu 2019. Staðallinn setur fram heildstætt líkan fyrir reikningshaldslega meðferð leigusamninga, bæði í reikningsskilum leigutaka og leigusala. Við gildistöku leysir IFRS 16 af hólmi núverandi leiðbeiningar um reikningshaldslega meðferð leigusamninga, þar á meðal IAS 17 *Leigusamningar* og tengdar túlkanir. IFRS 16 greinir á milli leigu- og þjónustusamninga á grundvelli þess hvort til staðar sé greinanleg eign sem viðskiptavinur hefur yfirráð yfir. Ekki þarf lengur að greina á milli rekstrarleigu (utan efnahags) og fjármögnunarleigu (innan efnahags) í reikningsskilum leigutaka. Þess í stað setur staðallinn fram líkan þar sem nýtingarréttur að leigueign og samsvarandi leiguskuld eru skráð í efnahagsreikning fyrir alla leigusamninga, nema þá sem samkvæmt skilgreiningu teljast stuttir leigusamningar eða þar sem virði hins leigða telst óverulegt. Að auki gerir IFRS 16 kröfu um ítarlegar upplýsingar í skýringum. Staðallinn tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2019 eða síðar. Félagið er leigutaki að húsnæði. Félagið hefur reiknað möguleg áhrif upptöku staðalsins en talið er að leiguskuld og nýtingarréttur sem færður verður í efnahagsreikning í upphafi árs 2019 muni verða um 58 millj. kr.

IFRS 17 *Vátryggingasamningar* var gefinn út 18. maí 2017. Staðallinn mun gilda frá og með árinu 2022 ef hann verður samþykktur af Evrópusambandinu. Þar sem skammur tími er liðinn frá því staðallinn var gefinn út er enn ekki ljóst hversu mikil áhrif hann mun hafa á reikningsskil stofnunarinnar því möguleg áhrif hafa ekki verið metin til fulls.

m. Lykilþættir í óvissu á mati

(i) Endanleg skuldbinding vegna tjónabóta

Mat á endanlegri skuldbindingu væntra tjónabóta stofnunarinnar vegna gerðra vátryggingasamninga er mikilvægasta reikningshaldslega mat stofnunarinnar. Við mat á skuldbindingunni þarf að taka tillit til margra þátta sem háðir eru óvissu.

(ii) Ákvörðun á gangvirði fjáreigna

Eins og fram kemur í skýringu 3.d eru verðbréf stofnunarinnar metin á gangvirði í efnahagsreikningi. Skráð gengi er til fyrir mikinn meirihluta þessara eigna. Aðferðir við mat á gangvirði óskráðra verðbréfa byggja á viðurkenndum matsaðferðum.

Mat á gangvirði tekur mið af markaðsaðstæðum og upplýsingum um viðkomandi fjáreign. Um hlutlægt mat er að ræða sem er háð óvissum þáttum, t.d. vaxtaþrósentum, flökti og mati á sjóðsflæði á matsdegi. Þess vegna er ekki hægt að meta gangvirðið með fullri vissu.

Skýringar, frh.:

	2018	2017
4. Eigin iðgjöld		
Eigin iðgjöld greinast þannig:		
Bókfærð iðgjöld	3.070.454	2.810.269
Hluti endurtryggjenda	(491.521)	(478.098)
Breyting á iðgjaldaskuld	(123.801)	(58.564)
Eigin iðgjöld samtals	<u>2.455.132</u>	<u>2.273.607</u>
5. Fjármunatekjur		
Fjármunatekjur greinast þannig:		
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	70.468	73.355
Aðrar vaxtatekjur	137	605
Gangvirðisbreyting verðbréfa	2.260.566	2.075.886
Gengismunur gjaldmiðla	19.674	389
Fjármunatekjur samtals	<u>2.350.845</u>	<u>2.150.235</u>
6. Eigin tjón		
Eigin tjón greinast þannig:		
Bókfærð tjón	48.094	274.768
Hluti endurtryggjenda	(19.138)	(62.164)
Breyting á tjónaskuld	(44.000)	(96.200)
Breyting á hluta endurtryggjenda í tjónaskuld	33.000	66.200
Eigin tjón samtals	<u>17.956</u>	<u>182.604</u>
7. Rekstrarkostnaður		
Rekstrarkostnaður greinist þannig:		
Laun og launatengd gjöld	91.944	89.835
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	26.984	32.118
Innheimtuþóknun váttryggingafélaga	123.008	177.668
Umsýsluþóknun fjársýsluaðila	77.093	64.895
Rannsóknarkostnaður vegna náttúruvár	12.450	0
Húsnæðiskostnaður	10.805	9.742
Breyting á niðurfærslu krafna	708	(25.198)
Tapaðar kröfur	111	1.505
Annar rekstrarkostnaður	35.124	31.324
Rekstrarkostnaður samtals	<u>378.227</u>	<u>381.889</u>
8. Laun og launatengd gjöld		
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	72.888	72.322
Lífeyrisiðgjöld	11.890	10.567
Tryggingagjald	5.971	5.844
Önnur launatengd gjöld	1.195	1.102
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>91.944</u>	<u>89.835</u>
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf	6	6
9. Þóknun til endurskoðanda		
Þóknun til endurskoðanda án virðisaukaskatts greinist þannig:		
Endurskoðun ársreiknings	984	917
Innri endurskoðun	1.773	2.291
Endurskoðunarkostnaður samtals	<u>2.757</u>	<u>3.208</u>

Skýringar, frh.:

10. Rekstrarfjármunir

Bifreið greinist þannig:	2018	2017
Heildarverð 1.1.....	7.221	7.221
Heildarverð 31.12.....	7.221	7.221
Afskrifað 1.1.....	1.375	578
Afskrifað á árinu	701	797
Afskrifað samtals 31.12.....	2.076	1.375
Bókfært verð 31.12.....	5.145	5.846

11. Fjáreignir

a. Flokkun og gangvirði fjáreigna

Eftirfarandi tafla sýnir flokkun stofnunarinnar á fjáreignum og gangvirði þeirra. Óverulegur munur er á bókfærðu verði og gangvirði þar sem eignir bera breytilega vexti.

	Fjáreignir á gangvirði	Lán og kröfur	Bókfært alls	Gangvirði
2018				
Fjáreignir á gangvirði				
gegnum rekstur	37.659.042		37.659.042	37.659.042
Endurtryggingaeignir		22.231	22.231	22.231
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur		661.097	661.097	661.097
Handbært fé		1.840.766	1.840.766	1.840.766
Fjáreignir samtals	37.659.042	2.524.094	40.183.136	40.183.136
2017				
Fjáreignir á gangvirði				
gegnum rekstur	33.855.790		33.855.790	33.855.790
Endurtryggingaeignir		64.983	64.983	64.983
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur		524.062	524.062	524.062
Handbært fé		1.523.839	1.523.839	1.523.839
Fjáreignir samtals	33.855.790	2.112.884	35.968.674	35.968.674

b. Stigkerfi gangvirðis

Fjármálagerninga á gangverði skal flokka eftir verðmatsaðferð. Nær allar fjáreignir stofnunarinnar sem færðar eru á gangvirði falla undir stig 1 þar sem verð eru skráð á virkum markaði. Óskráð skuldabréf sem falla undir stig 3 eru 21 millj. kr. (2017: 29 millj. kr.). Sjá nánar í skýringu 12.

12. Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur

Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur greinast þannig:	2018	2017
Innlend hlutabréf	961.646	935.439
Erlend hlutabréf	1.303.902	1.467.739
Innlend hlutdeildarskírteini	2.907	3.021
Erlend hlutdeildarskírteini	7.000.027	6.188.657
Innlend skuldabréf	19.943.432	20.873.981
Erlend skuldabréf	8.426.212	4.357.814
Skráð verðbréf samtals	37.638.126	33.826.651
Óskráð skuldabréf	20.916	29.139
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	37.659.042	33.855.790

Óskráð skuldabréf eru endurheimtur vegna krafna í þrotabú viðskiptabankanna sem urðu gjaldþrota haustið 2008. Bréfin eru í evrum og pundum.

Skýringar, frh.:

13. Endurtrygginga eignir

Endurtrygginga eignir greinast þannig:	2018	2017
Hluti endurtryggjenda í tjónaskuld	39.500	72.500
Kröfur á endurtryggjendur.....	22.231	64.983
Endurtrygginga eignir samtals.....	61.731	137.483

14. Gjaldþol

NTÍ er undanþegin nýjum gjaldþolskröfum (Solvency II) í samræmi við 3. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016. NTÍ vinnur eigið mat á gjaldþoli og gerir grein fyrir því í árlegri áhættuskýrslu NTÍ.

15. Váttryggingaskuld

Váttryggingaskuld (heild):	2018	2017
Tjónaskuld	39.500	83.500
Iðgjaldaskuld	1.015.372	891.571
Váttryggingaskuld samtals	1.054.872	975.071
Hlutdeild endurtryggjenda:		
Tjónaskuld	39.500	72.500
Hlutdeild endurtryggjenda samtals	39.500	72.500
Váttryggingaskuld í eigin hlut:		
Tjónaskuld	0	11.000
Iðgjaldaskuld	1.015.372	891.571
Váttryggingaskuld í eigin hlut samtals	1.015.372	902.571

Tjónaskuld er ætlað að gefa til kynna fjárhagslega skuldbindingu sem hvílir á stofnuninni vegna ógreiddra tjóna í heild sinni, það er tilkynnta tjóna og orðinna en ótilkynnta tjóna í árslok.

Tjónaskuld vegna tilkynnta tjóna er áætlun fyrir þeim tjónum sem tilkynnt hafa verið til stofnunarinnar að frádregnu því sem þegar hefur verið greitt vegna þessara tjóna. Gert er mat fyrir hvert tjón miðað við þá vitneskju sem fyrir hendi er um tjónsatvik þegar tjón er tilkynnt og eru breytingar gerðar þegar nýjar upplýsingar berast um einstök tjón. Reglulega fer fram endurskoðun á tjónaáætlunum.

Ótilkynnt tjón er áætlun fyrir orðnum en ótilkynntum tjónum og viðbótarkostnaði vegna tjóna sem ekki eru að fullu komin fram. Í frumtryggingum byggist matið á tjónareynslu og framkomnum áður ótilkynntum tjónum á undanliðnum árum.

Iðgjaldaskuld í efnahagsreikningi er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar váttryggingaáhættu sem tilheyrir næstu reikningsárum.

16. Skuldbinding vegna fjármagnstekjuskatts

Skuldbinding greinist þannig:	2018	2017
Skuldbinding í ársbyrjun.....	475.778	270.382
Fjármagnstekjuskattur ársins	517.271	469.845
Greiddur fjármagnstekjuskattur.....	(279.837)	(264.449)
Skuldbinding í árslok.....	713.212	475.778

Áhættustýring

17. Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum stofnunarinnar:

- váttryggingaáhætta
- endurtryggingaáhætta
- mótaðilaáhætta
- lausafjáraáhætta
- markaðsáhætta
- gjaldeyrisáhætta
- rekstraráhætta

Skýringar 18 - 24 veita upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir stofnunarinnar við að meta og draga úr áhættunum, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu áhættustýringar og rekstraráhættu.

Markmið stofnunarinnar með áhættustýringu er að greina þá áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna stofnunarinnar og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi stofnunarinnar. Áhættuskýrsla er unnin ár hvert þar sem fylgni við hverja og eina viðmiðunarkröfu í áhættustýringarstefnu er metin og gerð grein fyrir henni. Með virkri þátttöku starfsmanna í áhættustýringu, er viðhaft agað eftirlit þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

Til að dreifa áhættu af eignastýringu eru að jafnaði þrjú til fjórir eignastýrendur sem annast framkvæmd hennar. Frávik frá ákvarðaðri dreifingu eigna og samsetning eignasafnsins eru vöktuð af starfsmönnum stofnunarinnar.

18. Váttryggingaáhætta

Áhættan sem felst í hverjum váttryggingasamningi samanstendur af áhættu á að váttryggður atburður eigi sér stað og óvissu um endanlega tjónsfjárhæð.

Fyrir váttryggingasamninga þar sem líkindareikningi er beitt við verðmat og ráðstöfun stendur stofnunin frammi fyrir þeirri megináhættu að tjónsfjárhæðir verði að meðaltali hærra en áætlað var, alvarleiki þeirra eða tíðni verði meiri eða stórtjón fleiri en ráð var fyrir gert. Váttryggðir atburðir eru ófyrirséðir og rauntíðni og endanlegar fjárhæðir tjóna geta verið frábrugðnar áætlunum sem reiknaðar eru á grundvelli tölfræðilegra aðferða.

Stofnunin stendur frammi fyrir fjárhagslegri áhættu vegna fjáreigna sinna, endurtryggingaeigna og váttryggingaskuldar. Þegar horft er til framtíðar, liggur megin fjárhagsleg áhætta stofnunarinnar í því að fjáreignir nægi ekki fyrir skuldbindingum vegna váttryggingasamninga hennar.

Eignastýringaráhætta

Stofnunin jafnar váttryggingaskuld sína með safni verðbréfa og fjárfestingaeigna sem háðar eru markaðsáhættu.

Stofnunin heldur stórum hluta eigna sinna í ríkistryggðum skuldabréfum, innlendum sem erlendum til að takmarka markaðs- og mótaðilaáhættu.

Skuldabréf og hlutdeildarskírteini færð á gangvirði gegnum rekstarreikning:	2018	2017
Verðbréf skráð í Kauphöll Íslands	20.905.078	21.809.420
Önnur skráð verðbréf	16.733.048	12.017.231
Óskráð verðbréf	20.916	29.139
	<u>37.659.042</u>	<u>33.855.790</u>
Kröfur	683.328	589.045
Handbært fé	1.840.766	1.523.839
Samtals	<u>40.183.136</u>	<u>35.968.674</u>
Váttryggingasamningar í eigin hlut	<u>1.015.372</u>	<u>902.571</u>

Váttryggingasamningar eru ekki næmir fyrir markaðsvöxtum, þar sem þeir eru ekki núvirtir og bera ekki samningsbundna vexti.

18. Vátryggingaáhætta frh.:

Eignastýringaráhætta, frh.

Næmigreining fyrir verðáhættu sýnir hvernig breytingar á gangvirði verðbréfa sveiflast vegna breytinga á markaðsverði, hvort sem verðbreytingarnar eru vegna einstakra fjárfestinga, útgefanda verðbréfa eða allra þátta sem hafa áhrif á fjármálagerninga sem viðskipti eru með á markaði.

Vegna þess að meirihluti fjáreigna stofnunarinnar er bókfærður á gangvirði, munu allar breytingar á aðstæðum á markaði hafa áhrif á fjárfestingatekjur stofnunarinnar.

Stjórnendur stofnunarinnar fylgjast stöðugt með sveiflum á markaði sem gerir stofnuninni kleift að bregðast skjótt við öllum breytingum.

Hækkun vaxta um 100 punkta myndi leiða til lækkunar á verðmæti verðbréfasafns stofnunarinnar um 1.874 millj. kr. í árslok 2018 (breytingin hefði numið um 1.619 millj. kr. í árslok 2017).

Í þessum útreikningum er um að ræða línulega nálgun þar sem vaxtanæmin er reiknuð miðað við meðallíftíma. Ávöxtunarkrafan hefur hins vegar áhrif á líftíma eigna þannig að til að framkvæma nákvæma útreikninga þarf að hafa upplýsingar um allt sjóðstreymi safnsins. Með þessari nálgun verða t.d. áhrif kröfubreytinga samhverf, þ.e. 1% hækkun ávöxtunarkröfu hefur sömu áhrif og 1% lækkun ávöxtunarkröfu en það gildir hins vegar ekki í reynd.

Áhætta NTÍ vegna vaxtanæmi kann að vera minni en útreikningar eignasafnsins gefa til kynna. Sé tekið mið af því að eignasafnið er til að mæta greiðslum vegna mögulegra tjóna í framtíð má líta svo á að núvirði ófallinna framtíðarskuldbindinga sé jafnframt næmt fyrir vaxtabreytingum. Því kann vaxtanæmin að jafnast út á eigna- og skuldbindingahlið sjóðsins.

19. Endurtryggingaráhætta

Endurtryggingaáhætta getur m.a. falist í því að greiðslufall verði hjá endurtryggjendum. Oft á tíðum tekur langan tíma að gera upp tjónsatburð. Á þeim tíma getur fjárhagsleg staða endurtryggjanda breyst á þann hátt að hann verði ófær um að standa við skuldbindingar sínar. Í áhættustýringarstefnu NTÍ kemur fram að endurtryggjendur skuli hafa mat á fjárhagsstyrk frá alþjóðlegu matsfyrirtæki og mörk eru sett um hve mikla áhættu stofnunin tryggir hjá hverjum endurtryggjanda.

Lánshæfi er birt, bæði fyrir samning nr. 1 og nr. 2, auk þess sem upplýsingar um vegið lánshæfismat kemur fram. Í vegnu lánshæfismati er tekið hæsta lánshæfismat óháðs matsfyrirtækis og metin hlutdeild hvers endurtryggjanda í samningnum til að fá áhættustuðul samningsins.

Hér á eftir er gerð grein fyrir hlutfallslegri skiptingu endurtryggjenda eftir mati þeirra fyrir árið 2018 og vegna ársins 2019:

	2019	2018	2019	2018
	Samningur 1	Samningur 1	Samningur 2	Samningur 2
AA-	50,0%	46,5%	50,0%	46,5%
A+	16,8%	16,8%	16,8%	16,8%
A	3,2%	5,0%	3,2%	5,0%
A-	28,5%	29,5%	28,5%	29,5%
Ekki með lánshæfismat	1,5%	2,3%	1,5%	2,3%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
A eða betra mat	70,0%	68,3%	70,0%	68,3%
Vegið lánshæfismat	78,5%	70,4%	78,5%	70,4%

Skýringar, frh.:

20. Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar og ef tryggingar hrökkva ekki fyrir eftirstöðvum kröfunnar. Bókfært verð fjáreigna stofnunarinnar jafngildir mesta mögulega tapi vegna útlánaáhattu.

Hámarks mótaðilaáhætta á uppgjörsdegi greinist þannig:	2018	2017
Verðbréf	28.390.560	25.260.934
Kröfur	683.328	589.045
Handbært fé	1.840.766	1.523.839
Samtals	30.914.654	27.373.818

21. Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er hættan á því að stofnunin geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Stofnunin þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt ófyrirséðum breytingum í fjármögnun eða markaðsbresti. Fjármálafyrirtæki sjá um fjárfestingar stofnunarinnar og er hægt að innleysa þær með skömmum fyrirvara ef til verulegra náttúruhamfara kæmi.

22. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vaxta og hlutabréfa hafi áhrif á afkomu stofnunarinnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhattu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Stefna stofnunarinnar við stýringu markaðsáhattu ræðst af fjárfestingarmarkmiðum hennar. Fylgst er með breytingum á markaði í samræmi við stefnu og starfsreglur. Stjórn stofnunarinnar fylgist með og greinir heildarmarkaðsáhattu stofnunarinnar á mánaðarfresti eða oftár ef þurfa þykir.

23. Gjalddeyrísáhætta

Stofnunin fjárfestir í fjármálagerningum og gerir samninga í öðrum gjaldmiðlum en starfsrækslugjaldmiðli sínum. Þess vegna stendur stofnunin frammi fyrir hættunni á því að gengi starfsrækslugjaldmiðils hennar miðað við aðra gjaldmiðla breytist á þann hátt að það hafi óhagstæð áhrif á virði þess hluta eigna og skulda stofnunarinnar sem eru í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum.

Sundurliðun eigna og skulda eftir erlendum myntum:

2018	USD	EUR	GBP	Annað	Samtals
Eignir:					
Handbært fé	299.060	234.252	7.802	98.941	640.055
Verðbréf	10.602.850	4.009.481	869.390	1.269.333	16.751.054
Gengisáhætta í efnahagsreikningi	10.901.910	4.243.733	877.192	1.368.274	17.391.109
2017					
Eignir:					
Handbært fé	117.675	72.396	96.280	13.584	299.935
Verðbréf	7.853.697	3.152.444	701.492	335.713	12.043.346
Gengisáhætta í efnahagsreikningi	7.971.372	3.224.840	797.772	349.297	12.343.281

Við skiptingu verðbréfa í gjaldmiðla í töflunni er miðað við gjaldmiðlaskiptingu eigna sem eru í eigu verðbréfasjóða sem NTÍ hefur fjárfest í, en ekki uppgjörsmynta sjóðanna.

Skýringar, frh.:

24. Rekstraráhætta

Stofnunin býr við rekstraráhættu vegna mögulegs beins eða óbeins taps í tengslum við mismunandi þætti er varða t.d. starfsfólk, tækni og skipulag, og einnig í tengslum við utanaðkomandi þætti aðra en láns-, markaðs-, eða lausafjánhættur, s.s. lög og reglur og viðurkennda staðla um háttsemi fyrirtækja.

Markmið stofnunarinnar er að verja stofnunina gegn rekstraráhættu til að koma í veg fyrir fjárhagslegt tjón og að orðstír stofnunarinnar verði fyrir skaða.

Til að draga úr rekstraráhættu gerir stofnunin meðal annars kröfur um að verkefni og skyldur séu aðskildar á viðeigandi hátt, um reglulegar afstemmingar á færslum og eftirlit með þeim, að farið sé að lögum og reglum, að gert sé reglulegt mat á rekstraráhættuþáttum, þjálfun og faglega uppbyggingu.

25. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Tengdir aðilar stofnunarinnar eru stjórn, framkvæmdastjóri og aðilar þeim tengdir. Félög í eigu stjórnarmanna eru einnig skilgreind sem tengdir aðilar.

Engin viðskipti voru við tengda aðila á árunum 2018 og 2017.

Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra og stjórnar greinast þannig:

	2018	2017
Hulda Ragnheiður Árnadóttir, framkvæmdastjóri	22.559	22.730
Sigurður Kári Kristjánsson stjórnarformaður	2.797	2.797
Adolf Guðmundsson, stjórnarmaður	1.398	1.398
Lína Björg Tryggvadóttir stjórnarmaður	1.515	1.398
Ragnar Þorgeirsson, stjórnarmaður og í endurskoðunarnefnd	2.097	2.097
Vigdís Halldórsdóttir, stjórnarmaður	1.398	1.398
Sigurður Þórðarson, formaður endurskoðunarnefndar	1.398	1.398
Auður Daníelsdóttir, endurskoðunarnefnd	0	583
Steinunn Guðjónsdóttir, endurskoðunarnefnd	699	117
Varastjórnarmenn	903	1.049

26. Skuldbindingar

Félagið leigir skrifstofu að Hlíðasmára 14, Kópavog til ársins 2029. Leiguskuldbindingin nemur 82 millj. kr. að nafnverði í árslok 2018. Leigu- og húsfélagsgjöld eru bundin vísitölu og nema 0,7 millj. kr. á mánuði.

27. Kennitölur

Helstu kennitölur stofnunarinnar eru eftirfarandi:

Eigið tjónshlutfall	0,7%	8,0%
Kostnaðarhlutfall	15,4%	16,8%
Samsett hlutfall (tjón+kostnaður)	16,1%	24,8%
Eiginfjárlutfall	95,5%	95,8%